

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 329/2022****2023/EES/48/40****frá 9. desember 2022****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2259 frá 15. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 að því er varðar framlengingu á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir rekstarfélög, fjárfestingarfélög og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og sjóða sem ekki eru verðbréfasjóðir <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2261 frá 15. desember 2021 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB að því er varðar notkun rekstrarfélaga verðbréfasjóða á lykilupplýsingaskjölum <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB):

„– **32021 L 2261**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2261 frá 15. desember 2021 (Stjttíð. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 15).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bg (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014):

„– **32021 R 2259**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2259 frá 15. desember 2021 (Stjttíð. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 1).“

*2. gr.*Texti reglugerðar (ESB) 2021/2259 og tilskipunar (ESB) 2021/2261, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 15.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 72, 9.3.2023, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 19, 9.3.2023, bls. 40.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður